

FUNDARGERÐ

392. fundur stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 7. júní 2017 kl. 15.30 í Stangarhyl 4, Reykjavík.

Mættir voru: Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Guðrún Árnadóttir, Hrafn Magnússon, Sigríður Snæbjörnsdóttir, Reynir Vilhjálmsson og Gísli Jafetsson sem ritaði fundargerð. Fjarverandi Anna Þrúður Þorkelsdóttir, Guðmundur Gunnarsson og Sjöfn Ingólfssdóttir.

Gestir fundarins undir lið 1 voru Þórey S. Þórðardóttir og Þórunn Sveinbjörnsdóttir form. LEB.

Þetta gerðist:

Fundargerðir tveggja síðustu funda samþykktar og undirritaðar.

1. Spjall með Þóreyju S. Þórðardóttur framkvæmdastjóra Landssamtaka lífeyrissjóða

Farið yfir grunnlífeyri, eignarréttarákvæði stjórnarskrár og annað er gæti tengst hugsanlegum málaferlum vegna tekjuskerðingarækæða almannatryggingarlaganna. Rætt um þróun löggjafar, hvað telst eign í lífeyrissjóði. Þórey fór yfir og afhenti gögn sem stjórnin mun kynna sér nánar.

2. Að loknum Landsfundi LEB – næstu skref, samstarf og snertifletir

EBS reifaði stöðuna og þar sem ákveðin niðurstaða er komin. Ný framtíð, þar sem næsta skref verður að vinna traust á ný milli FEB og LEB. Laganefnd LEB fer að vinna og binda menn vonir við niðurstöðu af þeirri vinnu. Gengið verður eftir að uppfyllt verði loforð fráfarandi stjórnar LEB um endurgreiðslu hluta félagsgjalds FEB til LEB.

Fundarmenn sammála um að síðari dagur landsfundarins og sérstaklega endir hans hafi verið endaslepptur. Athygli vakti að þáverandi formaður LEB mætti ekki til fundarins seinni daginn. Hvatt til góðs samstarfs við nýja stjórn LEB og unnið verði sem ein heild að hagsmunamálum félagsmanna.

3. Fjármál FEB

Framkv.stjóri fór yfir rekstrarreikning fyrstu fjóra mánuði ársins og borið saman við rekstraráætlun ársins. Einnig var sýnt yfirlit yfir stöðu bankareikninga félagsins. Fjárhagur félagsins hefur tekið stakkaskiptum til hins betra síðustu tvö árin eða svo. Áliti stjórnar er að staða fjármála félagsins sé mjög góð.

4. Byggingarmál

Framkvæmdastjóri reifaði stöðu mála í Árskógum fór yfir nokkur atriði sem huga fara þarf að eins og úthlutunarreglur og verðlagning. MótX-menn hafa nú loks geta hafist handa af fullum krafti við sökkla, mótasmíði og steypuvinnu. Þar sem auglýst deiliskipulag þar sem gert er ráð fyrir fjölgun íbúða í 68 liggur ekki enn fyrir, er erfitt um vik. Deiliskipulag sem nú er verið að fara kynna gerir ráð fyrir stóru knatthúsi sem allavega mun vera beint fyrir framan annað af húsum félagsins. Þetta knatthús hefur hvergi sést á fyrri teikningum borgarinnar. Nokkur umræða um byggingarmál félagsins, hugsanlegt samstarf við Samtök aldraðra sem reyndar nokkrum sinnum hefur verið rætt. Mikil eftirspurn er í allar íbúðir á vegum félagsins og greinilega full þörf fyrir slíkar byggingar og samstarf við verktaka um slík verkefni.

5. Skipan Kjaranefndar

Ekki hefur skipað í Kjaranefnd félagsins og var litið svo á að Grái herinn gegndi því hlutverki að nokkru. Þar sem félagið er hagsmunasamtök, þar sem oft reynir á útreikninga og

framsetningarmáta þeirra er talin frekari þörf á „sérfræðingahópi“ 3ja félagsmanna utan stjórnar sem væri stjórninni og framkvæmdastjóra m.a. til halds og trausts við hin ýmsu mál þegar kallað er eftir álitum félagsins á.

5. Önnur mál

Formaður minntist á fund sinn með Hilmari Jónssyni. Tillögur Hilmars sem hann kynnti formanni fengu ekki miklar undirtektir meðal stjórnarmanna.

Formaður lagði fram upplýsingar um fundi, heimsóknir, samtöl, greinarskrif, ræðuhöld o.fl. sem hann hefur sinnt í maímánuði.

6. Stefnumótun FEB

Fram fór nokkuð ítarleg umræða meðal stjórnarmanna um stefnumótun og verkefni FEB.

Gerð verður grein fyrir umræðu við stefnumótunarvinnu á sérblaði.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 21.50.

Samþykkt;